

RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS.

19. FUNDUR HALDINN FÖSTUDAGINN 7. DESEMBER 2012.

Mæting:

Ómar Baldursson, Georg Georgsson, Grétar Guðmundsson, Guðrún S Bergþórsdóttir, Kristín Benediktsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Öfjörð, Jón Ólafur Halldórsson, Sighvatur D Sighvatz, Davíð Sigmundsson, Eyjólfur Ólafsson, Einar Ág Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson, Jakob Tryggvason.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Málefnanefndir ASÍ.
3. Jólstyrkur til atvinnulausra.
4. BWI-youth.
5. Starfsmannamál.
6. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Málefnanefndir ASÍ.

Kynnt var tillaga að nefndarskipan í málefnanefndir ASÍ. Athugasemd var gerð við skipunina þar sem aðeins ein kona var tilnefnd sem varamaður í Vinnumarkaðsnefnd. Skjótt var brugðist við og þessu breytt þannig að Bára Halldórsdóttir var skipuð varamaður í Jafnréttis- og fjölskyldunefnd í stað Jens H. Ragnarssonar. Í skipulags- og starfsháttanefnd var Guðrún S. Bergþórsdóttir skiðuð varamaður í stað Grétars Guðmundssonar. Og sem varamaður í Velferðarnefnd var Kristín Benediktsdóttir skipuð í stað Ómars Baldurssonar.

Að öðru leiti voru nefndarskipanirnar samþykktar samhljóða og verða sendar til ASÍ.

3. Jólstyrkur til atvinnulausra.

Samþykkt að halda áfram með styrkinn og hækka hann um 3,5%, sem er almenna hækkunin í kjarasamningum.

Jólástyrkurinn var árið 2011 kr. 18.500.- auk kr. 18.500.- með hverju barni undir 18 ára aldri á framfæri félagsmanns. Af þessari upphæð var tekin staðgreiðsla.

Félagsmaðurinn sjálfur þarf að sækja um styrkinn til styrktarsjóðs að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Kostnaður við styrkinn er um 1 milljón króna.

Þá kom fram, að atvinnulausum hefur heldur fækkað á skrá hjá RSÍ.

4. BWI-youth.

BWI-youth er alheims ungliðahreyfing í byggingageiranum. Boð barst til sambandsins um að senda fulltrúa á samkomu sem haldinn verður í Maierhöfen í Þýskalandi dagana 13-15 júní 2013.

Miðstjórn samþykkir fyrir sitt leiti að senda 2 fulltrúa á þennan fund, og beinir því til stjórnar RSÍ-Ung að finna frambærilega fulltrúa, helst tengda byggingariðnaði.

5. Starfsmannamál.

Rætt var um starfslok fyrrv. formanns sem orðinn er 67 ára, framkvæmdastjórn og launanefnd var falið að ganga frá starfslokum hans skv. hans réttindum.

Miðstjórn samþykkti fyrir sitt leyti forsendur að starfslokum enda kjarasamningar uppfylltir að öllu leyti og full samstaða um að ljúka málinu

6. Önnur mál.

Umræður urðu um lífeyrissjóðinn Stafi og framtíð hans. Einnig helstu niðurstöður sjóðsfélagafundar sem haldinn var í gær 6 des. Þar kom m.a. fram að væntanlega verður að skerða enn frekar réttindi félagsmanna.

Húsið í Vaglaskógi er nú fokhelt, gluggar komnir í og búið að einangra útveggi. Hiti er kominn á. Leiðinda tíðarfar hefur gert verktakanum erfitt fyrir en hann segist þó vera á áætlun.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 15.10

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.